

Þróunarsjóður innflytjendamála / Development Fund for Immigration Issues

Verkefni / rannsókn: Rannsóknir á aðstæðum erlendra kvenna eftir dvöl þeirra í Kvennaathvarfinu

Styrkþegi: Samtök um Kvennaathvarf

ÚTDRÁTTUR

Konur af erlendum uppruna á Íslandi eru aðfluttar í nýtt samfélag og eiga þar af leiðandi ekki sterkt bakland. Réttindi kvenna frá löndum utan EES til búsetu á Íslandi eru auk þess oft háð maka fyrstu fjögur árin, sem getur gert þeim erfiðarara fyrir að bregðast við ofbeldi eiginmanna sinna.

Markmið þessarar rannsóknar er í fyrsta lagi að svara þeirri spurningu hvort aðstæður kvenna af erlendum uppruna, og ekki síst þeirra utan EES, leiði til þess að þær fari oftar heim í óbreytt ástand eftir dvöl í Kvennaathvarfinu en íslenskar konur. Til að svara þeirri spurningu var gögnum safnað um allar erlendar konur sem hafa dvalið í Athvarfinu á tímabilinu 24. september 2007 til 31. desember 2011 og stuðst við samanburðarhóp íslenskra dvalarkvenna fyrir sama tímabil. Einnig voru tekin viðtöl við tíu konur sem hafa dvalið í Kvennaathvarfinu. Í öðru lagi er sjónum beint að þjónustu og aðstoð sem konurnar hafa aðgang að og þá sérstaklega Kvennaathvarfsins. Tilgangur þess er að skoða í framhaldi hvernig hægt sé að bæta aðstoð Athvarfsins við þennan hóp kvenna. Þess ber að geta að úrtak rannsóknarinnar er ekki nægilega stórt til að marktækur munur sé á tölulegum niðurstöðum, en þær gefa hugmynd um stöðuna.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 72% kvenna frá löndum innan EES eiga maka af sama uppruna og þær sjálfar en konur utan EES búa oftast með íslenskum manni. Þær fara hlutfallslega oftar heim í óbreytt ástand en konur frá löndum innan EES, eða 43% á móti 25%. Hugsanlega má tengja þennan mun til ólíkra búseturéttinda á Íslandi. Meiri hluti kvenna, óháð uppruna, fer í nýjar aðstæður eða heim í breyttar aðstæður eftir dvöl, sérstaklega þó konur frá löndum utan EES.

Konurnar í rannsókninni eru flestar ánægðar með þá þjónustu sem þær hafa notið, hvort heldur er utan eða innan Kvennaathvarfsins. Nokkrar gagnrýna hana og ber þá einna hæst vandamál sem tengjast sambúð með öðrum konum, aðstöðu í húsi Athvarfsins og menntun starfskvenna. Þakklæti í garð Kvennaathvarfsins og annarra þjónustuaðila kemur víða fram í rannsóknargögnum.

Project: A study of women of foreign origin who have stayed at the Reykjavik Womens Shelter

Styrkþegi: Reykjavik Womens Shelter

ABSTRACT

Women of foreign origin living in Iceland are new to their community and are unlikely to have strong family and social support. Also, for the first four years after arrival in Iceland, women from countries outside the EEA are often dependent on their husband for their residence permit, putting them at greater risk of abuse by their partner.

The first aim of this study is to see whether women of foreign origin, especially those from countries outside the EEA, are more likely to go home to an unchanged domestic situation than Icelandic women. To answer this question, data on all foreign women who have stayed at the Reykjavik Womens Shelter between September 24th 2007 and December 31st 2011 was examined. A group of Icelandic women from the same period served as comparison. Ten residents of the Shelter were also interviewed.

Secondly, focus is on the Shelter's services and support to which the women have access to see how the Shelter can improve its service to this group of women. It should be noted that the population of the study is not large enough to give statistically relevant results but some idea of the situation is acquired.

The findings show that 72% of the women from countries within the EEA have a husband of the same origin as themselves, but women from countries outside the EEA usually have an Icelandic husband. 43% of those are likely to go home to an unchanged situation against 25% of women from countries within the EEA. The difference can possibly be explained by the unequal legal position with regards to residence permits. The majority of women leaves the Shelter for a new domestic situation, particularly women from countries outside the EEA.

The women who took part in the research are by and large satisfied with the service they received from the Shelter and elsewhere. A few are critical, mostly about living in close quarters with other women, the facilities of the Shelter itself and of the educational level of the staff. Gratitude toward the Shelter and other service agencies is widespread in the research data.